

# Skólaráð Lækjarskóla



---

## 10. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 16. mars 2011 kl. 8:20.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði:

### 1. Skóladagatal 2011-2012.

Fyrir liggur að skólasetning næsta skólaárs verður 23. ágúst 2011 og verður sá dagur samræmdur fyrir alla grunnskóla í Hafnarfirði.

Skólastjóri leggur til að á skóladagatali fyrir skólaárið 2011-2012 verði vetrarfrí 20. og 21. október til samræmingar við vetrarfrí í Flensborgarskóla. Erindið var samþykkt.

Skóladagatal Lækjarskóla fyrir skólaárið 2011-2012 afgreitt og samþykkt af skólaráði með öllum greiddum atkvæðum.

### 2. Fjárhagsáætlun

Skólastjóri fór yfir tímamagn og aðrar fjárhagslegar upplýsingar sem hafa áhrif á skólastarfið næsta skólaár. Fram kom að reiknað er með töluverðum niðurskurði í tímaúthlutun og annari starfsemi skólans á næsta ári. Fundarmenn lýstu yfir áhyggjum sínum af þeirri stöðu.

### 3. Opið hús vegna viðurkenningar

Miðvikudaginn 6. apríl fær Lækjarskóli viðurkenninguna „Laxness-fjöðrina“ . Við það tækifæri koma gestir í skólann m.a. Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti og Erlingur Jónsson listamaður. Samþykkt var að hafa láta dagskrána hefjast kl. 10.00 og hafa móttöku með svipuðu sniði og áður hefur verið gert.

### 4. Frá foreldrafélaginu

Vegna forfalla var ekkert erindi frá foreldrafélagi.

### 5. Frá nemendaráði

Nemendur sögðu frá vitastarfi og félagslífi í unglingsdeild.

### 6. Önnur mál

Kynning á nýrri eineltisáætlun Lækjarskóla.

Smári Þorsteinsson kynnti áætlunina sem er unnin af eineltisteymi skólans. Eineltisáætlunina er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Fundarmenn lýsti yfir ánægju með metnaðarfulla eineltisáætlun.

Umræða var um hvort hafa mætti samræmda áætlun fyrir alla grunnskóla í Hafnarfirði og þá einnig leikskóla.

Fundi slitið kl. 9:36.

**Fundinn sátu:**

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Elma Karen Sigþórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags.

Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara

Þórarinn B. Þórarinsson, fulltrúi kennara

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Anna Karen Gunnarsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda

Hildur Elva Finnsdóttir, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir